

**Stjórn byggðasamlags UTU - 114. fundur
haldinn á Laugarvatni, miðvikudaginn 23. október 2024
og hófst hann kl. 10:00**

Fundinn sátu:

Helgi Kjartansson, Walter Fannar Kristjánsson, Björn Kristinn Pálmarsson, Jón Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson og Nanna Jónsdóttir skrifstofustjóri.

Fundargerð ritaði: Nanna Jónsdóttir, Skrifstofustjóri.

Dagskrá:

1. Afgreiðslur aðildarsveitarfélaganna vegna minnisblaðs frá Hrunamannahreppi

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur aðildarsveitarfélaganna á dagskrárlið nr. 1 úr 113. fundargerð stjórnar UTU sem haldinn var 28. ágúst sl.

2. Samstarfs- og þjónustusamningur, Héraðsskjalasafn Árnesinga

Lögð fram drög að endurnýjuðum samstarfs- og þjónustusamning við Héraðsskjalasafn Árnesinga um skönnun og frágang mála. Gert er ráð fyrir að kostnaðurinn verði 2,6 milljónir á ári, 2024 – 2027.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög að samstarfs- og þjónustusamningi og felur skrifstofustjóra að undirrita hann fyrir hönd UTU en samningurinn er í samræmi við fjárhagsáætlun UTU.

Samþykkt samhljóða.

3. Húsaleigusamningur

Lögð fram drög að húsaleigusamning vegna útleigu á skrifstofuaðstöðu í opnu rými skrifstofuhúsnæðis UTU að Hverabraut 6. Húsaleigusamningurinn gerir ráð fyrir að UTU sé leigusali að skrifstofuaðstöðu með nauðsynlegum rafmagns-, síma- og tölvutengingum ásamt aðgengi að kaffistofu, fundarherbergi og sameiginlegu rými. Húsgögn fylgja ekki með fyrir skrifstofuaðstöðuna.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög og felur skrifstofustjóra að undirrita húsaleigusamninginn fyrir hönd UTU þegar skrifstofuaðstaða er leigð út.

Samþykkt samhljóða.

4. Samkomulag vegna móttöku á seyru

Lögð fram drög að samkomulagi vegna móttöku á seyru.

Stjórn gerir ekki athugasemd við fyrirbyggjandi drög og felur skrifstofustjóra að undirrita þau fyrir hönd UTU við þau sveitarfélög sem óskað hafa eftir því að gera samning.

Samþykkt samhljóða.

5. Störf óháð staðsetningu, húsnæði

Lagður fram tölvupóstur frá byggðarpróunarfulltrúa Uppsveita þar sem Byggðastofnun óskar eftir því að tekin sé saman listi yfir húsnæði þar sem möguleiki er að bjóða upp á vinnuaðstöðu fyrir störf óháð staðsetningu en Innviðaráðuneytið hefur ákveðið að veita styrki til að fjölga óstaðbundnum störfum.

Stjórn tekur vel í erindið og samþykkir að skrifstofuhúsnæði UTU verði á lista þar sem möguleiki er að bjóða upp á vinnuaðstöðu fyrir stofnanir.

Samþykkt samhljóða.

6. Seyrustaðir, endurnýjun á móttökubúnaði

Endurnýja þarf búnað vegna móttöku á seyru á Seyrustöðum, þar sem m.a. kalkarinn sem fyrir er kominn á talsvert viðhald, jafnframt er lagt til að bætt verði við móttökubúnaði með það að markmiði að móttakan verði ekki eins háð mönnun þegar bílar eru að skila af sér seyru. Heildar kostnaður vegna mögulegra kaupa er áætlaður um 22.500.000 kr. með vsk.

Stjórn felur skrifstofustjóra að vinna málið áfram, samhliða gerð fjárhagsáætlunar.
Samþykkt samhljóða.

7. Tækifæri til sjóðasóknar, Samband íslenskra sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

8. Önnur mál

Verið er að vinna að því að girðing sem er á Biskupstungnafrétt austan við Haukadalsheiði verði mögulegt dreifingarsvæði fyrir UTU.

Gert er ráð fyrir að næsti fundur stjórnar verði 4. nóv. nk. þar sem farið verður yfir fjárhagsáætlun.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:45

Helgi Kjartansson

Walter Fannar Kristjánsson

Björn Kristinn Pálmarsson

Jón Bjarnason

Haraldur Þór Jónsson

Ísleifur Jónasson

Undirritunarsíða

Formaður
Haraldur Þór Jónsson

Aðalmaður
Helgi Kjartansson

Aðalmaður
Ísleifur Jónasson

Aðalmaður
Jón Bjarnason

Aðalmaður
Walter Fannar Kristjánsson

Varaformaður
Björn Kristinn Pálmarsson